## Viðauki við stofnanasamning Umhverfisstofnunar (UST) og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), dags. 23. júní 200~~7~~6

Með þessum viðauka hefur að fullu verið tekið tillit til 3. greinar í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN sem undirritað var 18. mars 2005.

Þar kemur fram að 1. maí 2007 skuli 2% vera nýtt til styrkingar/þróunar launakerfisins. Til að mæta þessu ákvæði, sem og ákvæðum 5 mgr. 7. gr. stofnanasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og Umhverfisstofnunar frá 23. júní 2006 um að Umhverfisstofnun leggi til 1% til styrkingar/þróunar launakerfisins þann 1. september 2007, eru samningsaðilar sammála um að framkvæmd þessa ákvæðis verði með þeim hætti að öll starfsheiti hækki um einn launaflokk.

Grunnröðun starfsheita samkvæmt 4 gr. stofnanasamnings UST og FÍN verður frá og með 1. júlí 2007 að lágmarki með eftirfarandi hætti:

| ***Starfsheiti:*** | ***Launaflokkur:*** |
|---|---|
| Aðstoðarsérfræðingur | 2 |
| Sérfræðingur 1 | 4 |
| Sérfræðingur 2 | 8 |
| Sérfræðingur 3 | 12 |
| Fagstjóri | 16 |
| Forstöðumaður, framkvæmdastjóri | 24 |

Jafnframt eru aðilar sammála því að fella niður 7. grein í stofnanasamningi UST og FÍN.

**Gildistími.**
Viðauki þessi gildir frá 1. júlí 2007 og er breyting á stofnanasamningi UST og FÍN sem undirritaður var 23. júní 2006.

Reykjavík, 21. desember 2007

F.h. Umhverfisstofnunar

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga